

Sp.

76. Tillaga til þingsályktunar

[68. mál]

um, að framfylgt verði lögum um það hlutverk Seðlabankans að tryggja atvinnuvegunum hæfilegt lánsfé.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að Seðlabanki Íslands kappkosti að fullnægja því hlutverki, sem honum er ætlað í lögum frá 24. marz 1961, að vinna að því, að framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, að „framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmestan hátt“.

Greinargerð.

Í lögum um Seðlabanka Íslands frá 24. marz 1961 er honum ætlað það m. a. sem aðalhlutverk að koma í veg fyrir, að atvinnuvegirnir búi við lánsfjáarskort. 2. gr. laganna hefst á þessa leið:

„Hlutverk Seðlabanka Íslands er:

1. að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmestan hátt.“

Það er kunnara en rekja þurfi, að atvinnuvegir landsins búa við stórfelldasta lánsfjáarskort og stendur hann framur öðru í vegi þess, að framleiðslugeta þeirra „sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmestan hátt“.

Þessi mikli lánsfjáarskortur atvinnuveganna stafar ekki af því, að lánsfé vanti, heldur hinu, að riflegur hluti sparifjárfrystings — eða um 1000 millj. kr. — hefur verið frystur í Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands er því vel mögulegt að fullnægja miklu betur en nú á sér stað því hlutverki sínu að vinna að því, að framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, „að framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmestan hátt.“ Það er því meira en ærin ástæða til þess fyrir Alþingi að heina athygli ríkisstjórnar og bankastjórnar að þessu hlutverki bankans.

Rétt er að geta þess, að sparifjárfrystingin hefur stundum verið rökstudd með því, að hún stuðli að því að halda verðlagi stöðugu. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að verðþensla hefur aldrei verið meiri en síðan frystingin kom til sögunnar, og hefur hún því bersýnilega engan árangur borið á því sviði. Hins vegar hefur hún orsakað þann lánsfjáarskort, sem stendur auknum afköstum og aukinni framleiðni atvinnuveganna meira fyrir þrífum en nokkuð annað.